

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð
Efni: Tillaga um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf
Dags: 27. maí 2024
Málsnúmer: 202401164/2.25
Sendandi: Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki eftirfarandi:

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Um er að ræða langtímalán kr. 800.000.000, með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála sem liggja fyrir á fundinum í lánsamningi nr. 2403_20.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.


Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við leikskólann í Helgafellslandi. Lántaki ábyrgist gagnvart lánveitanda að ráðstafa láninu til framangreinds verkefnis.

Jafnframt er Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra Mosfellsbæjar, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mosfellsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Greinargerð:

Í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að Eignasjóður taki langtímalán að fjárhæð 2.500 m.kr. sem er ætlað að fjármagna framkvæmdir ársins og endurfjármagna afborganir eldri lána. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. hefur veitt Mosfellsbæ vilyrði fyrir 2.500 m.kr. langtímaláni á þessu ári. Í febrúar sl. var tekið 800 m.kr. lán hjá sjóðnum með 3,85% verðtryggðum vöxtum.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. býður bænum nú 800 m.kr. langtímalán með jöfnum afborgunum til 15 ára, með lokagjalddaga 20. febrúar 2039, verðtryggt með 3,95% vöxtum. Vaxtakjör miðast við nýjasta útboðs sjóðsins. Á mynd má sjá þróun vaxtakjara á lánum sem Mosfellsbær hefur tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga síðastliðin ár.



Í samræmi við lántökuáætlun ársins er lagt til að Mosfellsbær taki 800 m.kr. langtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í samræmi við meðfylgjandi lánessamning.

Fylgiskjal:

1. Lánessamningur nr. 2403_20.